

Allar stjórnunarstöður innan stéttarinnar eru einnig afar illa launaðar. Deildarstjórar á spítala eru með 7.689.- krónur í byrjunarlaun á mánuði en hækka lítið eftir það. Deildarstjórar á göngu-deildum eru þó en verr settir, því þeir eru einum launaflokki lægri en deildarstjórar á sjúkrahúsum.

Skorturinn á hjúkrunarfræðingum hefur valdið því, að ekki hefur verið hægt að manna deildirnar eins og við hefðum talið þurfa, því hefur álagið verið gífurlegt á hjúkrunarfræðingunum. Þegar svo undirmannað er á deildunum, þá er aðeins hægt að sinna því nauðsynlegasta en kennsla hjúkrunarnema og leiðbeiningar til ófaglærðs starfsfólks situr á hakanum.

Hjúkrunarfræðingar hafa verið afar óánægðir með kjör sín lengi og nú er látandi komið, að þeir ætla ekki að láta sér þetta lynda lengur. Starfshópur á vegum Reykjavíkurdeildar HFÍ hefur að undanförunu verið að vinna úr tillögum, sem komu fram á almennum félagsfundum í maí síðast-

liðnum. Er þessum tillögum beint til Hjúkrunarfélagsins og kjaramálanefndar. Þar er höfuðáhersla lögð á grunnkaupshækkanir í komandi kjarasamningum, en samningar hjúkrunarfræðinga eru lausir um áramót. Einnig er lögð áhersla á hraðara launaskrið.

Þá kom meðal annars fram að æskilegt væri að vinnuvika vaktafólks yrði stytta vegna mikils álags og næturvaktir verði með hærri álagagreiðslu en aðrar vaktir um helgar. Einnig var talað um samningsbundið helgarfrí aðra hvora helgi. Þá var lögð áhersla á hærri laun fyrir deildarstjóra og aðra stjórnunarstöður og föst yfirvinnulaun.

Það var tekið fram í sambandi við aðferðir, sem beita má í kjarabaráttu, að til greina kæmi að taka upp fjöldauppsagnir ef annað briggðist. Einnig var lögð áhersla á að gerð yrði félagsfræðileg könnun á orsökum hjúkrunarfræðingaskortsins og eðli hjúkrunarstarfsins, sem beita má sem rökum til grundvallar kjarabaráttu stéttarinnar. **HE.**

gerðu kröfur á launaflokk 107 samkvæmt BHM sem byrjunarlaun, þá gerðu hjúkrunarfræðingar frá HSI kröfu á 18. launaflokk samkvæmt BSRB, en fengu 11. launaflokk sem byrjunarlaunaflokk.

Fleira kemur til sem stuðlar að því að skortur er á hjúkrunarfræðingum eins og það að hjúkrunarfræðingar hafa átt lítinn kost á faglegum þjóðfélagslegum frama.

Fyrr á tímum þótti það einungis við hæfi kvenna að stunda hjúkrunarstörf. Hjúkrunarstéttin var þá eingöngu kvennastétt, en nú hafa útskrifast um 15 karlmenn sem hjúkrunarfræðingar.


Misrétti kynjanna, sem ríkt hefur í all flestum samfélögum hefur síast inn í heilbrigðisstéttirnar og heft framgang hjúkrunarfræðinga bæði í menntunarmálum og í starfi. Hvað varðar menntunarmál stéttarinnar þarf ekki að leita langt aftur til þess tíma er menntun hjúkrunarkvenna þótti óþörf og þess eins krafist að konur er stunduðu hjúkrunarstörf væru mjúkhentar og hefðu gott hjartalag.

Nú á síðustu tímum hefur að visu komið fram breytt viðhorf gagnvart menntun stéttarinnar þar sem ljóst er, að menntun hjúkrunarfræðinga þarf að breytast í samræmi við flóknari og fjölbættari heilbrigðisþjónustu, sem krefst aukinnar þekkingar af hjúkrunarfólki og því ætti kostur á endurmenntun að vera samfara auknum kröfum.

Meðan að menntun hjúkrunarfræðinga stóðst ekki þær kröfur um aukna þekkingu, þá gaf námið hjúkrunarfræðingum ekki kost á faglegum þjóðfélagslegum frama.

Þó svo að hjúkrunarmenntun sé komin upp í háskóla vaknar sú spurning, hvort hjúkrunarfræðir njóti sömu virðingar og álits og aðrar þær stéttir sem hljóta menntun í háskóla til dæmis viðskiptafræðingar, læknar eða verkfræðingar.

Ef svo er ekki hlýtur það að leiða til þess að ungt fólk, sem hyggur á framhaldsnám hljóti að veita og meta kosti og galla þeirra greina, sem það velur sér, þá hljóta þættir eins og laun og þjóðfélagslegur frami, vinnuálag og vinnutími að skipta máli. **HE**



„VINNUSTOFA“ KJARVALS

Vegna dvalar erlendis hefur mér ekki gefist kostur á að skoða málverkasýningu Guðmundar Axelssonar (Klausturhóla), sem undanfarið hefur verið haldin á Kjarvalsstöðum, fyrr en í dag.

Margt er um dýrðir á sýningunni, svo sem 43 rammabundin málverk eftir Kjarval, Ásgrím, Jón Stefánsson og Gunnlaug Blöndal, en á skránni eru 44 listaverk og það sem ótalið er nefnist „vinnustofa“.

„Vinnustofa“ er verk í svart-hvítu, sem unnið er á veggfóðrið, sem haldi á alla veggir í áður óvistlegu háalofti í Austurstræti 12, sem var heimili og vinnustaður Kjarvals í áratugi. Verkið virðist tjáning meistarans m.a. um íslenska menningu, atvinnuhætti og eigin trú og er mér sagt, að það hafi tekið þessa alkunnu hamhleypu 6 ár að ljúka því.

Kjarval flutti loks í ný og betri hýbýli, en eftir stóð gamla vinnustofan auð og umhíðulaus. Árin liðu. Eigendaskipti urðu á húseigninni. Sjálft Listasafn ríkisins fékk hana að gjöf, en ekkert

eftir
Geir Borg

virtist geta forðað listaverkunum á veggjum gömlu vinnustofunnar frá eyðileggingu af völdum sagga, ryks og vanhírðu. Þá kom til skjalanna maður, sem hafði áráði og hugmyndaflug — Guðmundur Axelsson. Hann festi kaup á listaverkunum, eins og þau voru á staðnum, og á snjallan en einfaldan hátt voru þau losuð af veggjunum og send til Danmerkur til viðgerðar.

Nú stendur „vinnustofa“ á Kjarvalsstöðum, fest á varanlegt efni — fullviðgerð —, að undanskildum súðaveggnum, sem enn er í athugun í Danmörku. Guðmundur Axelsson hefur lokið sínu ætlunarverki og sparað til þess hvorki vinnu né fjármuni. Glæsilegu listaverki hefur verið bjargað frá tortímingu og nú er það auglýst til sölu.

Mér brá, þegar ég frétti á sýningunni, að aðeins eitt tilboð hefði borist og það væri frá

Danmörku. Mér er óskiljanlegt, að forráðamenn Reykjavíkurborgar skuli ekki skynja, að „vinnustofa“ á hvergi heima nema á Kjarvalsstöðum, sem þá fyrst bærir nafn með rentu. Að visu er mér ókunnugt hvaða kaupverð er áskilið, en úr því danskur aðili getur kyngt því, ætti það ekki að vera ofviða heimaborg meistarans.

Fyrr á öldum safnaði Árni Magnússon fornritum íslensku og flutti þau til varðveislu í Danmörku. Það var hamingjudagur Íslendinga þegar þau voru afhent þjóðinni á ný.

Það væri óheilladagur Íslendingum ef þeir ættu að sjá á bak „vinnustofu“ áleiðis til Danmerkur — listaverki, sem var meistara Kjarval svo nákomid.


Stjórn Reykjavíkurborgar hefur svo sannarlega sýnt minningu Kjarvals sóma, en fulla reisn mun á skorta, ef hún lætur sér úr greipum ganga þetta einstæða verk, sem að réttu lagi á sér aðeins einn samastað.

Reykjavík, 19. sept.

Til áréttingar vegna Lífshlaups Kjarvals

Í fjöldamörg ár hefur undirritaður fylgst með uppboðum á myndlistaverkum svo og listiðnaði hjá þekktustu uppboðsfirmin veraldar svo sem Parke-Barnet, Sotheby, Christie o.fl. Aðallega hefur það verið í gegnum skrif V. Hugo Blomquist í vikublaðinu „Farmand“, sem gefið er út í Osló. Áhugi minn hefur helst verið fyrir forvitni sakir því að góð listaverk er erfitt að meta til peninga. En það er furdulegt að uppgötva að listaverk seljast fyrir slíkar risaupphæðir á stundum að peningurinn hefði gert viðkomandi listamönnum fært að koma mörgu í framkvæmd, sem aldrei varð úr vegna peningaleysis. Auk þess lifðu sumir þeirra í sárustu fátækt og hefðu vafalaust orðið hungurmörð ef ekki hefðu komið til áhrifaríkir velunnarar.

En það er ekki til umræðu hér heldur vil ég koma því á framfæri að sl. sunnudag rakst ég á skýrslu frá síðasta uppboði hjá Christie og kemur þá fram, að meðal annarra listaverka seldist málverkið „Nakin kona við glugga“ eftir Norðmanninn Edvard Munch fyrir 2,08 milljónir króna, sem gerir rúmar þrjár milljónir íslenskar. Myndin er ekki stór eða 81x65 cm svo að hér er um dálaglegan skilding að ræða og þá einkum með hliðsjón af því að myndin telst langt frá því að vera eitt af höfuðverkum listamannsins, sem málaði þús-



undir mynda og þrykkti mörg þúsund grafískar myndir.

Ég vildi sérstaklega vísa til þessa og um leið minna á hve hið víðamikla listaverk Kjarvals, sem nú er til sýnis að Kjarvalsstöðum er okkur falt fyrir hagstæðan pening í augnablikinu. Vil ég því skora á alla góða menn og listasamtök að taka höndum

saman og skapa þann þrýsting á ráðamenn að þeir komist ekki hjá því að festa kaup á myndinni. Jafnframt vil ég minna sérstaklega á að í dag, þriðjudag, eru síðustu forvöld á því að skoða hið mikla myndverk að Kjarvalsstöðum, því að sýningunni lýkur í kvöld og mun ekki verða framlengd.

Bragi Ásgeirsson.

rað

enda um stjórn mála viðhorfið



ar, en þó gerði ég tilraun til myndunar þjóðstjórnar allra flokka til að koma á þjóðarsátt, vinna bug á verðbólgu og gera úrbætur í kjördæma- og kosningamálinu, en menn voru þá með hugann við annað, skv. ofansögðu. Með viðræðum við hina flokkana um þjóðstjórn, sem ýmsir gagnrýndu, var rofin sú einangrun, sem bæði Alþýðubandalagið og Framsóknarflokkurinn vildu setja Sjálfstæðisflokkinn í.

3. Þegar þingflokkur Sjálfstæðisflokksins tilkynnti Alþýðubandalagi og Framsóknarflokki eftir þingflokksfund 1. febrúar, að

hann væri tilbúinn að kanna möguleika stjórnarmyndunar með þessum flokkum, þá var svarið, að þessir flokkar hefðu samþykkt að halda áfram viðræðum sem hafnar voru án vitundar þingflokks Sjálfstæðisflokksins við Gunnar Thoroddsen og þá, sem hann kynni að hafa með sér úr þingflokki Sjálfstæðismanna. Áhuginn var að kljúfa Sjálfstæðisflokkinn. Á síðasta snúningi var þingflokksnum boðið að styðja ríkisstjórnina með óbreyttum málefnaþingi, sem var óaðgengilegur.

4. Myndun ríkisstjórnarinnar og störf eru þingmönnum, sem að henni stóðu til hneisu og því ekki þinginu til bjargar og kann að draga dilk á eftir sér ekki síður fyrir aðra flokka en Sjálfstæðisflokkinn.

Hefði enginn bilbugur verið á nokkrum þingmönnum Sjálfstæðisflokksins og þeir allir fylgt fram ályktun þingflokksins 1. febrúar að stefna að minnihlutastjórn Sjálfstæðisflokksins að öðrum möguleikum frágengnum þá hefði slík stjórn getað komist á laggrinnar. Þjóðstjórn, minnihlutastjórn Sjálfstæðismanna og jafnvel utanþingsstjórn voru allt betri kostir frá sjónarmiði alþjóðar og Sjálfstæðisflokks en sá er ofan á var.

Versti kosturinn var valinn.